

Stofnanasamningur

milli Starfsmannafélag ríkisstofnana og Þjóðskjalasafns Íslands

um nánari forsendur röðunar starfa.

1. Gildissvið

Samkomulag þetta nær til allra félagsmanna í Starfsmannafélagi ríkisstofnana sem eru í starfi hjá Þjóðskjalasafni Íslands hverju sinni.

Samkomulagið er hluti kjarasamnings félagsins og fjármálaráðherra, dags. 9. mars 2005. Með síðari breytingum.

2. Forsendur röðunar

Störfum skal raðað miðað við eðli starfs og starfslýsingu. Þess skal gætt að samræmi sé milli þeirra þátta sem móta starfið. Raðað skal í starfaflokka í samræmi við ábyrgð og umfang starfs skv. hlutlægum mælikvörðum og er grunnröðun viðkomandi starfs. Launaflokkar Þjóðskjalasafns Íslands byggja á eftirfarandi starfaflokkum:

2.1 Starfaflokkar og grunnröðun þeirra

Starfsmaður skjalasafna

Starfið felst í umhirðu í skjalageymslum, viðtöku og uppröðun skjalasafns, aðstoðar við skil og afgreiðslu gagna og sinnir tilfallandi verkefni tengd umsjón húsnæðis. Starfinu er grunnraðað í launaflokk 18.

Salvörður

Salvörður starfar á lestrarsal Þjóðskjalasafns við afgreiðslu erinda og við að sækja og skila gögnum. Salvörður sinnir einnig öðrum verkefnum eftir því sem við á. Starfinu er grunnraðað í launaflokk 20.

Starfsmaður við frágang og þökkun skjalasafna

Verkefni felast aðallega í frágangi og skráningu skjalasafna, merkingu og gerð geymsluskráa skjalasafna. Starfinu er grunnraðað í launaflokk 20.

Móttökufulltrúi

Starf við móttöku, símvörslu og afgreiðslu og önnur tilfallandi störf. Starfinu er grunnraðað í launaflokk 20.

Starfsmaður í afritun

Starfið felur í sér afritun gagna og gagnaskráningu. Starfinu er grunnraðað í launaflokk 21.

Starfsmaður í forvörslu.

Starfið felur í sér verkefni á forvörsluverkstæði Þjóðskjalasafns undir leiðsögn forvarðar. Starfinu er grunnraðað í launaflokk 21.

3. Viðbótarforsendur

3.1 Viðbótarforsendur fyrir röðun í launaflokka

Starfsmaður, sem öðlast hefur starfsreynslu hjá stofnuninni eða með menntun umfram stúdentspróf, eða ígildi þess, sem nýtist í starfi og hefur ekki verið tekið tillit til í grunnröðun starfsins, skal hækka miðað við grunnröðun sem hér segir. Jafnframt skal meta starfsreynslu hjá öðrum sem nýtist í starfi að hluta eða öllu leyti.

21 10.9.14 GFD

- Starfsmaður með 1 árs reynslu hækki um 1 launaflokk 1
- Starfsmaður með 2 ára reynslu hækki um 2 launaflokka 1
- Starfsmaður, sem lokið hefur 30 eininga námi, hækki um 3 launaflokka
- Starfsmaður, sem lokið hefur 60 eininga námi, hækki um 5 launaflokka
- Starfsmaður, sem lokið hefur 90 eininga námi, hækki um 7 launaflokka

3.2 Starfsnám, símenntun

Starfsmaður eigi kost á símenntun til að auka hæfni sína í starfi og sækja námskeið í því skyni í samráði við yfirmenn.

Starfsmaður sem lokið hefur starfsmenntun, sem viðurkennd er af samningsaðilum, eða starfsmenntun/námskeiði sem nýtist í starfi, skal hækka í launaflokk miðað við grunnröðun sem hér segir þegar eftirfarandi tímalengd er náð:

60 kennslustundir hækki um 1 launaflokk
 120 kennslustundir hækki um 2 launaflokka
 200 kennslustundir hækki um 3 launaflokka

3.3 Starfstengdar forsendur

Heimilt er að hækka starfsmann um launaflokka ef hann/starfið uppfyllir einhverjar neðangreindar forsendur sem ekki hefur verið tekið tillit til við grunnröðun starfsins:

1. Starfið felur í sér sérstaka ábyrgð.
2. Starfið felur í sér flókin verkefni.
3. Starfinu fylgir kennsla eða leiðbeining annarra starfsmanna.
4. Starfinu fylgir ráðgjöf innan stofnunar eða utan.
5. Starfinu fylgir sérstakt álag, viðvarandi eða árstíðabundið.
6. Starfsmaður sinnir starfi á fleiri en einni starfsstöð.
7. Starfsmaður sýnir góðan árangur í starfi.
8. Starfsmaður sýnir hæfni til samskipta og samvinnu.
9. Starfsmaður sýnir frumkvæði í starfi.

Stofnunin skal halda til haga skriflegum rökum sem liggja að baki hækkunar á launaflokkum samkvæmt þessum lið. Samstarfsnefnd á rétt á því að fá að sjá umræddar forsendur.




4. Gildistími og endurskoðun



Gildistími samningsins er frá 1. mars 2014. Endurskoðun samnings ber að gera eins og kveðið er á um í 11. kafla kjarasamnings SFR og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs 9. mars 2005.

Reykjavík, 27. mars 2015

f.h. Þjóðskjalasafns Íslands

f.h. SFR stéttarfélags

**Bókun með stofnanasamningi SFR og Þjóðskjalasafnsins
dagsettum 27. mars 2015.**

Bókun 1

Þar sem ekki var unnt að ganga frá þessum stofnanasamningi á árinu 2014 eins og til stóð skulu launaleiðréttingar vegna ársins 2014 greiddast í eingreiðslu 1. apríl 2015.

Bókun 2

Aðilar eru sammála um að taka stofnanasamning þennan til endurskoðunar í samstarfsnefnd aðila innan tveggja ára frá undirskrift.

GHS of
16.5. 44
AF